

## Geislameðferð

Geislameðferð er ein af þeim meðferðum sem beitt er gegn krabbameini. Tilgangur hennar getur verið að lækna sjúkdóminn eða halda honum niðri og hindra þannig frekari útbreiðslu hans um óákveðinn tíma. Þegar um lengra genginn sjúkdóm er að ræða má bæta líðan sjúklingsins með geislameðferð. Við geislameðferð er notuð háorkuröntgengelslun eða rafeindageislun.

## Undirbúningur

Áður en geislameðferðin hefst er meðferðarsvæðið ákvarðað með hjálp röntgen-myndatöku og stundum einnig sneiðmyndatöku. Svæðið sem á að meðhöndla er afmarkað með því að setja merkingar á húðina með sérstökum penna. Þessar merkingar þurfa að sjást allt meðferðartímabilið. Stundum er útbúið svokallað stuðningsmót til að auðvelda sjúklingnum að liggja í sömu stellingu meðan á meðferð stendur.



Sumir þurfa að koma einu sinni í undirbúning, aðrir tvisvar til þrisvar. Lítil börn þarf stundum að svæfa meðan á undirbúningi og meðferð stendur. Hver heimsókn tekur frá 30 mínútum upp í 2 klukkustundir og allur undirbúningurinn getur tekið allt að vikutíma.

## Meðferð

Það er mismunandi hversu langan tíma geislameðferðin tekur. Sumir koma í eitt skipti, aðrir daglega í nokkrar vikur. Hver geislun tekur aðeins nokkrar mínútur og er sársaukalaus. Meðferðin veldur ekki geislavirkni.

Líðan fólks meðan á meðferðinni stendur er einstaklingsbundin. Algengt er að fólk finni fyrir þreytu meðan á geislameðferðinni stendur og í nokkurn tíma eftir að henni lýkur. Aðrar aukaverkanir eru háðar því hvar á líkamann geislun er gefin og einnig stærð geislasvæðisins. Sjúkrahúsvist vegna geislameðferðar er yfirleitt óþörf.

Hjúkrunarfræðingar, röntgentæknar og læknar deildarinnar fylgjast með þér á meðferðartímabilinu og veita þér frekari upplýsingar um meðferðina, aukaverkanir og úrræði.

Unnið af Stefáníu V. Sigurjónsdóttur, hjúkrunarfræðingi, 1998. Breytt og staðfært árið 2002 af Sigrúnu Þóroddsdóttur og Önnu Ólafíu Sigurðardóttur hjúkrunarfræðingum á Barnaspítala Hringingsins. Yfirfarið síðast feb.2007